





Deiliskipulag Kjóavalla fyrir breytingu, mkv. 1:2.000



Deiliskipulag Kjóavalla eftir breytingu, mkv. 1:2.000

Uppdráttur þessi er teiknaður í hnitakerfinu ISN93 og byggir á upprétti loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi Kjóavalla, innan sveitarfélagamarka Garðabæjar. Breytingin nær til fyrirhugaðrar hesthúsabyggingar í Rjúpnahæð, sem liggur milli gamla Andvarasvæðisins og Markavegar. Innan þess svæðis sem deiliskipulagsbreytingin nær til er gert ráð fyrir uppbyggingu hesthúsa við fimm götur sem ýmist tengjast Markavegi eða Hattarvöllum.

Breytingin samræmist Aðalskipulagi Garðabæjar 2016 - 2030, en þar er landnotkunarflokkur skilgreindur sem íþróttasvæði, ætlað hestaíþróttum (4.15 íþ).

Lóðir hafa verið auglýstar til úthlutunar og er lóðarstærðum breytt til samræmis við umsóknir sem hafa borist. Lega reiðstíga breyttist lítillega vegna aðlögunar að landi, en Markavegur liggur nokkuð hátt yfir landi og er því nauðsynlegt að aðlaga lóðir, götur og stíga að hæðarlegu vegarins. Endalóð við Orravelli, næst Markavegi, hefur verið feld út vegna þessa.

Helstu breytingar eru eftirfarandi:

1. Húsum fækkar úr 56 í 53
2. Uppröðun og stærð lóða breytist lítillega
3. Hlutfall einbýlis og parhúsa breytist
4. Húsnúmer breytast og skiptast parhúsalóðir í a og b hluta
5. Byggingarreitir fyrir tengibyggingu milli lóða við Sunnuvelli 4-6
6. Dreifistöð færast til norðurs, nær Stjörnuvöllum
7. Reiðleið meðfram Markavegi og Elliðavatnsvegi færast fjær vegum

Breytingin er metin óveruleg, þar sem um tilfærslu á lóðum innan óbyggðs svæðis er að ræða, byggingarmagn minnkar lítillega og landnotkun helst óbreytt. Breytingin er heldur ekki talin hafa áhrif á einstaka aðila, þar sem úthlutun lóða og breyting deiliskipulags er framkvæmd samtímis og lóðir aðlagðar að þeim umsóknum sem borist hafa.

AÐ ÖÐRU LEYTI GILDA SKILMÁLAR Í GREINARGERÐ, DAGS. 26. JÚNÍ 2008 M.S.BR.

SKÝRINGAR:


- Sveitarfélagsmörk
- Deiliskipulagsmörk
- Lóðarmörk
- Byggingarreitir, hámark
- Byggingarreitir, tengibygging
- Húsnúmer
- Bírfreiðastæði
- Undirgöng
- Akvegur
- Reiðvegur
- Göngustígur
- Núverandi byggingar
- Þekkt jarðsprunga skv. aðalskipulagi
- Kvóð um trjágróður
- Blágrænar ofanvatnslausnir
- Kvóð um aðgengi á lóðarmörkum
- Kaldavatnslögn
- Háspennustrengur
- Tamningagerði
- Hringgerði, staðsetning leiðbeinandi
- Afgirt svæði

Deiliskipulagsbreyting þessi sem hefur fengið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. og 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsstjóra Garðabæjar þann 8. febrúar 2022 sbr. viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 20/2017.


f.h. Garðabæjar

og samþykkt í bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann _____

Deiliskipulagið tók gildi með birtingu auglýsingar nr. _____ í B-deild Stjórnartíðinda _____



Úr aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030



Úr aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040

HEITI VERKS:
GARÐABÆR
KJÓAVELLIR HESTHÚSASVÆÐI

HEITI TEIKNINGAR:
Deiliskipulagsbreyting, Rjúpnahæð
Hesthúsalóðir

VERKNR:
206-019

MKV:
1:2000 í A2

TEIKNING NR:
1/1

TEIKNAD AF:
sg

HANNAD AF:
oh/sg

DAGS. TEIKN:
26. janúar 2022

YFIRLESTUR / UNDIRSKRIFT:

TEIKN. BREYTT: